

## Atli Harðarson

### Upphaf nútímabókmennta á grísku alþýðumáli

Þegar Grikkir gerðu uppreisn gegn Tyrkjaveldi og lýstu yfir sjálfstæði árið 1821 var stór hluti landsmanna ólæs. Lítið var gefið út af bókmenntun í þeim héruðum sem mynduðu hið nýja ríki. Það var vel að merkja miklu minna en Grikkland nútímans. Áratug eftir byltinguna náði það yfir suðurhelling þess sem nú er meginland Grikklands og eyjar þar austur af. Mikill hluti af ritun á grísku fór fram utan við landamæri ríkisins, annars vegar í byggðum í grennd við Svartahaf og hins vegar á Jónísku eyjunum.<sup>1</sup>

### Fanarimenn og sjöeyjaskáld

Á þessum tíma, fyrir um tvö hundruð árum, var grísk tunga töluð af mönnum patriarkans í Konstantínópel og allmörgum öðrum í þeirri miklu borg sem nú heitir Istanbúl og líka í Moldavíu, Wallachiu og víðar í kringum Svartahaf. Grískumælandi kaupskýslu- og menntamenn á þessum svæðum voru kenndir við Fanari hverfið í Istanbúl og nefndir Fanariotes (Φαναριώτες). Meðal þeirra var nokkuð um bóklegan lærdóm og niðjar þeirra sem fluttu til Grikklands urðu stór hluti af menningaraðlinum í nýfrjálsu landi um og eftir miðja nítjándu öld.

Bóklegr fræði Fanarimanna voru yfirleitt ekki skráð á máli eins og fólk talaði heldur á bókmáli sem var blanda af forngrísku og nútímamáli. Þetta bókmál gengur undir nafninu kaþarevúsa (καθαρεύουσα) og var opinbert mál í Grikklandi allt til 1976. Til aðgreiningar er alþýðlegt talmál kallað ðimotiki glossa (δημοτική γλώσσα). Ég kalla það hér eftir alþýðumál. Munurinn á þessum tveimur gerðum grískis máls er allnokkur en ekki þó meiri en svo að fólk sem elst upp við alþýðumál getur lesið og skilið texta á kaþarevúsu, svona rétt eins og við getum lesið Íslendingasögur með samræmdri stafsetningu fornri. Það var þó nokkuð misjafnt hvað bilið var mikið milli þessara málgerða, enda fór því fjarri að allir sem skrifuðu kaþarevúsu fyrntu mál sitt í sama mæli.<sup>2</sup> Að stilla upp tveimur málgerðum er því ansi mikil einföldun enda er nútímagríska eða nýgríska (Η Νεοελληνική κοινή)

blanda af málinu sem ólæs alþýða talaði fyrr á öldum og málinu sem lærdómsmenn notuðu. Margt úr kaþarevúsu rann saman við hversdagsmálið og nú til dags á grísku margvitt litróf talsmáta og málgerða frá ýmsum öldum og ýmsum sviðum samfélags og menningar.

Nú segi ég skilið við Fanarimenn því þeir koma lítt við þá sögu sem ég ætla að segja um upphaf nútímabókmennta á alþýðumáli. Saga þeirra bókmennta hófst á Jónísku eyjunum, eða eyjunum sjö. Sú nyrsta er Kerkyra sem er úti fyrir ströndum Albaníu og Epírus og sú syðsta er Kyþira sem er sunnan við Pelópsskaga. Þar á milli liggja Paxi, Lefkaða, Íþaka, Kefalonia og Zakynþos.

Á átjándu öld voru þessar eyjar undir stjórn Feneyinga en eftir Napóleonsstyrjaldirnar urðu þær hluti af Bretaveldi og sameinuðust ekki gríska ríkinu fyrr en 1864. Allt til þess tíma var ítalska opinbert mál þar og töluð af menntamönnum og yfirstétt. Þarna var þó svolítið um bækur á grísku meðal annars krítverskar bókmenntir frá sextándu og sautjándu öld sem voru prentaðar í Feneyjum. Kunnast þessara verka frá Krít er rímnabálgurinn *Erotokritos* (Ερωτόκριτος) eftir Vitsentzos Kornaros (Βιτσέντζος Κορνάρος) en hann var uppi á árunum 1553 til 1613 eða 1614 og orti á alþýðumáli þess tíma.<sup>3</sup>

Í byrjun nítjándu aldar kynntust lærdómsmenn á eyjunum sjö hugmyndum sem bárust frá Þýskalandi og fleiri löndum Vestur-Evrópu og við kennum gjarna við rómantík og þjóðernisstefnu. Einn þessara manna var listaskáldið góða Dionysios Solomos (Διονύσιος Σολωμός) sem fæddist á Zakynthos 1798 og dó á Kerkyru árið 1857. Það er freistandi að bera Solomos saman við Jónas Hallgrímsson því hann orti á tæru alþýðumáli og vakti samtímamenn sína til vitundar um fegurð þess og kveðskaparmátt. Þekktasta verk hans er *Óðurinn til frelsisins* (Υμνος εις την Ελευθερίαν) og fyrstu erindi þess langa kvæðis eru þjóðsöngur Grikkja.

Solomos hóf feril sinn með ljóðum á ítölsku og hann kom raunar aldrei inn fyrir landamæri gríska ríkisins. Hann ákvað að yrkja á grísku alþýðumáli þótt það mál væri honum ekki eins tamt og ítalskan.

Í bókmenntasögunni er Solomos í flokki með öðrum skáldum frá eyjunum sjö. Stefna þeirra er kölluð Sjöeyjaskólinn (Η Επτανησιακή Σχολή). Flest þeirra kusu að yrkja á alþýðumáli þótt frá því væru

<sup>1</sup> Almennur fróðleikur um gríska bókmenntasögu sem hér fer á eftir er að mestu sóttur í Ápanasopoulos, Kokkinaki og Mpista (e.d.) og Beaton (1994).

<sup>2</sup> Um þetta má lesa á íslensku í grein eftir Þorstein Þorsteinsson (2009).

<sup>3</sup> Ég hef sagt ögn frá Kornarosi í grein sem birtist í *Són, tímariti um óðfræði* (Atli Harðarson, 2013).

undantekningar eins og Andreas Kalvos (Ανδρέας Κάλβος, 1792–1869) sem notaði hálfgerf fornmaal líkt og Fanarimenn. Hér ætla ég að staldra ögn við einn úr hópi sjöeyjaskáldanna. Sá maður hét Aristóteles Valaoritis (Αριστοτέλης Βαλαωρίτης). Hann var frá eyinni Lefkaða, fæddur þar 1824 og lést 1879.

## Aristóteles Valaoritis og kvæðið um Lýð

Valaoritis gat brugðið fyrir sig tungutaki frá ólíkum öldum og í fyrstu ljóðum sínum notaði hann bæði orðfæri alþýðlegs nútímamáls og kaþarevúsu en í ljóðabókinni *Mnimosyna* (Μνημόσυνα) sem kom út árið 1857 hélt hann sig við alþýðumál og hafði þá hafnað málhreinsunarstefnu þeirra sem vildu fyrna málið. Kaþarevúsa var, sagði hann, ok sem skáld nútímans skyldu varpa af sér.<sup>4</sup>

Ég hef þýtt eitt af þekktustu kvæðunum úr *Mnimosyna* og reynt að líkja að nokkru eftir bragarhættinum. Þetta er kvæðið *Lýður gamli og byssan hans* (Ο Δήμος και το καριοφίλι του). Á frummálinu kallast byssan kariofili (καριοφίλι) en það nafn er grísk afbökun á heiti ítalskra byssusmiða sem hétu Carlo e figli. Vopn úr smiðjum þeirra, sem ég kalla Karlasmiðjur í þýðingunni, voru algeng á Grikklandi í byrjun níttjándu aldar. Hetja kvæðisins er fjallaþjófur (κλέφτης) sem heitir ðimos (Δήμος) á grísku. Mér finnst við hæfi að hann heiti Lýður á íslensku því það nafn hefur sömu merkingu. Í grískum þjóðsögum er líf fjallaþjófa sveipað ævintýraljóma. Þeir minna svolítið á Hróa hött því þeir lágu úti í óbyggðum og gerðu yfirstéttinni skráveifur en hjálpuðu kúgaðri alþýðu.

Ég les nú kvæðið.

### Lýður gamli og byssan hans<sup>5</sup>

Að mér sækir elli fast, aldarhelming fjallaþjófur  
órótt svaf og er því, börn, orðinn næsta hvíldarþurfi.  
Fara vil í fleti mitt. Finn ég þorna gamalt hjarta.  
Drjúgt hef ausið dreyrans lind, dropi hver af blóði þorrinn.

Fara vil í fleti mitt. Finnið grein af landsins meiði,  
heiðarlauf með ljúfan ilm, látið vera fullt af blómum  
þar sem mér er búið ból, brátt svo geti lagst til hvíldar.

Enginn veit hvert völdugt tré vaxa mun á legstað mínum.  
Fundarstað þar limar ljá laufgíst skuggsæll krónubreiður,  
þar sem staldra vaskir við, vopn sín ungir fjallaþjófar

hengja upp, mitt æskuþor eignast líf í söngvum þeirra.  
Ef þeir finna gróa á gróf grátvið búinn sorgarklæðum  
ungir fjallaþjófar þá, þar af baðmi aldin taka,  
lauga undir, lækna sár, Lýði veita hvíld í friði.

Manndómsárin orrahríð, eld og járn ég mátti reyna.  
Ekki gráta ungu menn. Upp er runnin hinsta stundin.  
Þegar kappi djarfur deyr, drengur yngri fyllir skarðið.  
Komið allir kringum mig. Komið standið hérna nær mér,  
að lykja aftur augum tveim og að þiggja blessun mína.

Kappi sá sem yngstur er upp skal klífa fjallahrygginn,  
riffill minn sé með í för, mætast vopn úr Karlasmiðju,  
og hjá tindum skjóta skal skotum þrem úr byssu minni:  
„Kom að ævilokum Lýðs. Lýður gamli hann er farinn.“  
Óma hvellir, ymja gil, undir taka klettaborgir,  
höfuðskepnur harm sinn tjá, húmi sveipast vötn og lindir,  
fjallaloftsins ferski blær fjöðrum sviptur bæríst ekki,  
andvarinn sem unað bar, eins og dauður leggst hann niður  
að hann færi ei með sér óviljandi þessar drunur,  
upp þeim feyki á Ólympstind eða Pindusfjöll svo leysi  
þar af hæstu hnúkum mjöll. Heiðarlönd þá sölna mundu.

Hlaughtu drengur, hlaughtu skjótt, hátt að klífa brattar leiðir.  
Láttu óma loftin blá, langar mig í gegnum svefninn  
hinsta sinn að heyra skot, hátt sem gjalla úr byssu minni.

Ungur fjallaþjófur þaut, það var líkt og hjórtur rynni,  
hrópar upp við hamraborg, hárrí röddu þrisvar sinnum:  
„Kom að ævilokum Lýðs. Lýður gamli hann er farinn.“  
Þar sem klettur kallast á, klif og hamrar, bergmálsraddir  
gjalla hæst, hann hleypir af. Hljóma fyrsta skot og annað.  
Með því þriðja magnar raust mætast vopn úr Karlasmiðju,  
opnum kjafti öskrar hátt, eins og skepna kvik sem beljar.  
Fellur hún úr höndum sveins, hnígur sár í mold á jörðu,  
skreiðist fram á bjargsins brún, byssan hrapar niður í gilið.

Þungan Lýður gamli gný gegnum djúpan svefninn heyrir,  
leikur um hans ásýnd bros, armar mynda kross á bringu.  
Kom að ævilokum Lýðs. Lýður gamli hann er farinn.

Þegar skot með þrumuraust þarna hljóma ofar skýjum  
er sem hraustum ógnarþíld einhver mitt í gný og drunum  
svári og bjóði bróðurfaðm burtsofnum fjallaþjófi.

## Alþýðumálið verður bókmenntamál

Með ljóðum Solomos, Valaoritis og fleiri sjöeyjaskálda varð grískt alþýðumál að bókmenntamáli lærdra manna sem tileinkuðu sér strauma og stefnur í evrópskum samtímabókmenntum. Þau áttu sér vissulega undanfara. Ljóðrænn skáldskapur á nútímagrísku var til fyrir daga Solomosar. Í *Óði til frelsisins* nefnir Solomos raunar einn brautryðjanda frá átjándu öld,

<sup>4</sup> Upplýsingar um Valaoritis eru fengnar úr Santas (1976).

<sup>5</sup> Áður birt árið 2020 í *Són: Tímariti um óðfræði*, 18, 89–93. Þýtt eftir útgáfu á [https://www.greek-language.gr/digitalResources/literature/tools/cordance/browse.html?cnd\\_id=3&text\\_id=244](https://www.greek-language.gr/digitalResources/literature/tools/cordance/browse.html?cnd_id=3&text_id=244).

Rigas Feraios (Ρήγας Φεραίος, 1757–1798)<sup>6</sup> sem hvatti til uppreisnar gegn Tyrkjum í frægu kvæði þar sem eftirfarandi línur eru endurteknar:

Καλλιῶναι μίας ὥρας ἐλεύθερη ζωή,  
Παρά σαράντα χρόνοι σκλαβιά, καὶ φυλακή.<sup>7</sup>

Þessi vísuorð merkja nokkurn veginn:

Eina stundu frír og frjáls  
fremur kýs að ganga  
en að bera ok um háls  
ævidaga langa.

Áður en ég segi skilið við sjöeyjaskáldin þykir mér rétt að nefna Jakovos Polylas (Ιάκωβος Πολυλάς, 1825–1896). Hann gaf út verk Solomosar og þýddi bæði *Hamlet* eftir Shakespeare og kviður Hómers á nútímamál. Þetta átti sinn þátt í því að gera alþýðumálið að bókmenntamáli.

Líkt og hér á landi voru bókmenntir í Grikklandi á fyrri hluta nítjándu aldar einkum ljóð. Lítið var um skáldsagnagerð en á seinni hluta aldarinnar varð alþýðumálið líka að máli sem bar mönnum hlátur almættisins.

## Ólæs maður skrifar bók

Það er álitamál hvar á að byrja söguna af frásagnarlist á grísku alþýðumáli en samt held ég að mér sé óhætt að fullyrða að einn af merkustu frumkvöðlunum hafi verið, eins og meiri hluti landa hans, lítt kunnugur bóklegum fræðum. Þessi maður hét Jóhannes Makrijannis (Ιωάννης Μακρυγιάννης, 1797–1864) og hann ritaði ævisögu sína. Sú bók kom út árið 1907. Þá voru 43 ár liðin frá dauða höfundar.<sup>8</sup>

Makrijannis var af fátæku fólki. Faðir hans var fjárhirðir og móðir hans erfiðiskona. Saga hans hefst þar sem hún er að safna eldiviði í skógi, fær hríðir og fæðir hann ein fjarri alfaraleið – reitti gras ofan á viðinn, lagði barnið þar á og kom byrði sinni svo heim til bæjar. Þau mæðgin lifðu þetta af, en ekki nema rétt svo.

Um skólagöngu var ekki að ræða fyrir svo fátækan pilt. Frá sjö ára aldri mátti hann vinna fyrir mat sínum.

Í frásögninni kemur vel fram hve honum sveið fátæktin og niðurlægingin sem henni fylgdi. Þáttaskil urðu í uppvexti hans þegar heilagur Jóhannes bænheyrði hann fjórtán vetra gamlan. Okkar maður hafði þá verið flengdur fyrir allra augum. Hann leitaði í kirkju, yrti á nafna sinn sem þar var teiknaður á helgimynd og hét að gefa honum silfurlampa stóran ef dýrtingurinn liðsinnti sér við að komast yfir peninga og vopn. Skömmu síðar var falast eftir honum í vinnu í borginni Jannínu. Sú vinna bauð upp á betri tækifæri en baslið í sveitinni. Að nokkrum árum liðnum átti hann bæði sæmileg klæði og karlmannleg vopn. Hann gaf sig að verslun og eignaðist peninga til að efna heit sitt við helgimyndina í kirkjunni.

Makrijannis kenndi kúgun og ofríki erlendra yfirstéttar um aum kjör foreldra sinna og sveitunga og gekk til liðs við uppreisnarmenn áður en frelsisstríð Grikkja hófst 1821. Í byrjun stríðsins var hann tekinn til fanga af Tyrkjum og átti að taka hann af lífi. En hann gat nýtt sér mútubægni og spillingu yfirvaldanna til að sleppa. Eftir það tekur við löng saga af fólkorrustum þar sem sögumaður kemst til metorða í her Grikkja, verður hershöfðingi og þjóðhetja jafnframt því sem hann bæklast meir og meir af sárum og mannaunum.

Sögunni lýkur ekki með sigri í sjálfstæðisbaráttunni gegn Tyrkjum. Makrijannis hélt áfram að berjast því honum þótti sem alþýða nyti lítt eða ekki góðs af sjálfstæðinu þegar ný innlend yfirstétt raðaði sér kringum nægtaborðið þar sem embættismenn soldánsins höfðu áður setið. Hann fór því fremst í flokki þeirra sem vildu setja kóngi og öðrum valdhöfum í nýfrjálsu ríki skorður. Þeirri baráttu lauk með byltingu og gildistöku stjórnarskrár 1843. Næstu ár á eftir hafði hann talsverð áhrif á grísk stjórnsmál, en 1852 náðu kóngsmenn fram hefndum, fengu hann fangelsaðan og dæmdan til dauða. Yfirvöld heyktust samt á að kála Makrijannis – enda ekki heiglum hent að drepa mann sem í augum alþýðu var frelsishetja og tákn fyrir hugrekki og ættjarðarást. Haustið 1854 urðu atburðir sem tengdust stríðinu á Krímskaga til þess að honum var sleppt. Þegar Ottó kóngur var loks hrakinn frá völdum árið 1862 endurheimti Makrijannis stöðu sína í hernum og var fullgildur hershöfðingi þegar hann dó vorið 1864.

Eins og ráða má af þessu stutta ágripi hafði Makrijannis frá ansi miklu að segja. Honum var líka mikið niðri fyrir og það var þess vegna sem hann ákvað að læra að draga til stafs á fullorðins aldri. Textinn ber það með sér að höfundur var ókunnur

<sup>6</sup> Solomos (e.d., bls. 36).

<sup>7</sup> Sótt af <https://el.wikisource.org/wiki/Θούριος>.

<sup>8</sup> Það sem hér segir um Makrijannis er byggt á enskri þýðingu á bók hans sem og inngangi þýðanda (Makrijannis, 1966) og skrifum Seferis (1982, bls. 23–66). Svipaður texti um Makrijannis hefur áður birst á <http://atlihb.blogg.is/2013-12-08/af-langa-nonna-sem-var-rithofundur-thott-hann-kynni-ekki-ad-lesa/>.

öllum venjum um stafsetningu og frágang ritaðs máls. Handritið er eins og tilraun til að hljóðrita munnlega frásögn með framburði úr heimasveit hans. Sá sem gaf sögu Makrijannis út var fyrsti forstöðumaður þjóðskjalasafnsins í Aþenu. Hann hét Jannis Vlachojannis (Γιάννης Βλαχογιάννης, 1867–1945) og það tók hann eitt og hálf ár að lesa handritið og umrita það á venjulegt ritmál. Textinn er samt á máli sem þykir fagurt og til fyrirmyndar.

Skáldið Giorgos Seferis (Γιώργος Σεφέρης, 1900–1971) hélt mjög upp á þetta verk. Hann segir að líklega hafi Makrijannis aldrei lesið aðra bók en sína eigin og það sé hæpið að hann hafi yfirleitt kunnað að lesa venjulegan texta. Ef þetta er rétt hjá Seferis þá var Makrijannis einstakur fyrir fleira en hugsjónir og baráttuprek. Hann er kannski eina dæmið um að ólæs maður hafi skrifað nokkur hundruð blaðsíðna bók. Áhrifa Makrijannis á grískar bókmenntir gætti þó ekki fyrr en á síðustu öld því handrit hans lá ólesið fram yfir aldamótin 1900. Þegar þar var komið voru bæði orðnar til frumsamdar skáldsögur og þýðingar á erlendum skáldsögum á nútíma grísku, málinu sem fólkið í landinu talaði.

## Upphaf grískrar skáldsagnagerðar

Fyrir aldamótin 1900 höfðu Grikkir eignast vinsæla sagnameistara eins og Emmanuel Roíðis (Εμμανουήλ Ροΐδης, 1836–1904), Alexandros Papadiamantis (Αλέξανδρος Παπαδιαμάντης, 1851–1911) og Andreas Karkavitsas (Ανδρέας Καρκαβίτσας, 1866–1922). Þessir karlar voru allir svolítið eldri en Jón Trausti (1873–1918) og yngri en Jón Thoroddsen (1818–1868) enda urðu fyrstu grísku nútímaskáldsögurnar til um svipað leyti og þær íslensku.

Papadiamantis var fyrstur Grikkja til að hafa lífsviðurværi af skáldsagnagerð. Eins og Roíðis skrifaði hann á kaþarevúsu. Í fyrstu tveimur verkum sínum notaði læknirinn Karkavistas líka mál sem hafði ýmis einkenni kaþarevúsu þótt álitamál sé hvort það skuli svo nefnt án fyrirvara. Þessi verk eru *Smásögur* (Διηγήμεντα) frá 1892 og skáldsagan *Lipurtá* (Η Λυγερή) frá 1896.<sup>9</sup> En 1897 sendi Karkavistas frá sér skáldsöguna *Betlarann* (Ο ζητιάνος). Hún er, eins og verk hans sem á eftir komu rituð á hreinu og kláru alþýðu-máli.<sup>10</sup> Tveimur árum síðar, 1899, kom út sú bók hans sem vinsælust er nú á seinni árum, *Talað í*

*stafni* (Λόγια της πλώρης).<sup>11</sup> Þessi bók er safn smásagna sem flestar eru skrifaðar í anda raunsæis og fjalla um erfitt líf sjómanna, mannskaða og hrakningar. Í nokkrum þeirra er efni úr þjóðsögum í bland við raunsæið og saman við þær fléttast þankar um samband mannsins við hafið og höfuðskepnurnar.

Áður en þessar sögur voru skrifaðar hafði Nikolaos Politis (Νικόλαος Πολίτης, 1852–1921) gefið út sín frægu þjóðsagnasöfn á árunum milli 1870 og 1880. Politis er Grikkjum það sem Jón Árnason er okkur Íslendingum, frumkvöðull í skráningu þjóðsagna. Þeir Politis og Karkavistas þekktust og unnu saman á tímabili. Þjóðsögurnar höfðu áhrif á skáldið og stundum er sögum Karkavitsas lýst sem þjóðsagnaraunsæi. Samt draga þær líka dóm af frönskum natúralisma við lok níttjándu aldar. Lífi fólks er lýst og ekki reynt að fegra það neitt. Í sögunni *Lipurtá* er aðalpersónan, kaupmannsdóttirin Anþi (Ανθή), ástfangin af Giorgis (Γιώργης) sem er glaðvæ og viðfelldinn alþýðustrákur. Faðir hennar giftir hana samt búðarloku sem heitir Nikolos (Νικόλος) því hann er slyngur kaupahéðinn og líklegur til að auka við ríkidæmi fjölskyldunnar. Föðurnum þykir engu skipta að Nikolos er ógeðfelldur í meira lagi og Anþi hefur megnustu óbeit á honum. Framan af sögunni vonar lesandi að elskendurnir, Anþi og Giorgis, geri einhvers konar uppreisn en af því verður ekki. Giorgis giftist stúlku sem er af svipuðum stigum og hann sjálfur en Anþi beygir sig undir okið, samlagast væntingum samfélagsins og hættir að dreyma um annað en að vera manni sínum undirgefin.

Í *Betlaranum* eru íbúar fátæks sveitaþorps fávísir og hjátrúarfullir leiksoppar svikahrapps. Í sögulok er þorpið í rústum og lesandinn eygir enga von fyrir fólkið. Í síðustu skáldsögu Karkavitsas, *Fornleifafræðingnum* (Ο Αρχαιολόγος) frá 1904 er ekki aðeins lýst hörðum kjörum heldur er háðið líka ansi napurt. Fornleifafræðingurinn sem er aðalpersóna sögunnar les, upptendraður mjög og af mikilli andagt, tilvitnanir í fornrit þess efnis að meira skuli heiðra ættjörðina en föður sinn og móður: „Μητρός τε και πατρός και των άλλων προγόνων απάντων τιμιώτερον εστίν η Πατρίς.”<sup>12</sup> Hann hugsar ekki um annað en að ganga í augun á útlendum áhugamönnum um grískar fornminjar og telur sig með því hylla ættjörðina en í raun eyðileggur hann ræktarlönd og menningarverðmæti

<sup>9</sup> Karkavitsas (e.d.-a; e.d.-b).

<sup>10</sup> Karkavitsas (e.d.-c).

<sup>11</sup> Karkavitsas (2021).

<sup>12</sup> Karkavitsas (e.d.-d, bls. 22). Tilvitnunin er úr samræðunni Kríton eftir Platon.

með því að tæta allt niður og grafa í sundur – botnar auk þess ekkert í samtíamenningu eigin þjóðar – er blindur á flest sem gefur lífi hennar gildi.

Karkavitsas nýtti ekki aðeins hugmyndir og efnivið úr þjóðsögum heldur líka mál þeirra og stíl. Hjá honum varð alþýðumálið sem Politis færði í letur að máli sögumanns rétt eins og orðfæri þjóðkvæða varð að máli ljóðmælanda í meðförum Valaoritis og fleiri sjöeyjaskálda.

Þegar kom fram yfir 1900 kynntist heimurinn svo verkum grískumælandi stórskálda á borð við Konstantinos Kavafis (Κωνσταντίνος Καβάφης, 1863–1933), Nikos Kazantzakis (Νίκος Καζαντζάκης, 1883–1957), Giorgos Seferis (Γιώργος Σεφέρης, 1900–1971) og Odyseas Elytis (Οδυσσεάς Ελύτης, 1911–1996). Um einni öld eftir að sjöeyjaskáldin tóku að fíkra sig áfram með ljóðagerð á grísku alþýðumáli og fáeinum áratugum eftir að verk Makrijannis og Karkavitsas komu út var nútímagríska orðin tungumál heimsbókmennta.

## Gorgónan eftir Karkavitsas

Ég lýk þessu erindi á að lesa þýðingu mína á einni af smásögum Karkavitsas. Hún heitir *Gorgónan* og er úr smásagnasafninu *Talað í stafni*.<sup>13</sup> Sagan er byggð á alkunnri grískri þjóðsögu. Ein gerð hennar var skráð af þjóðsagnasafnanum Politis.<sup>14</sup> Sagan er með þekktari verkum Karkavitsas þótt hún sé fjarri því að vera dæmigerð fyrir skáldskap hans.

Ég hef nú lesturinn:

Ég var úti á sjó á báti Sarafis skipstjóra þessa nótt. Hvíllík nótt! Ég hef hvorki fyrr né síðar lifað aðra eins. Og hvað vorum við svo að flytja? Hvað nema hveiti. Og hvert var ferðinni heitið? Hvert nema til Píreas. Ég hafði farið að minnsta kosti tuttugu slíkar ferðir. En í þetta sinn lá eitthvað á sálu minni, eitthvert þvífíkt farg að mér lá við öngviti. Ég veit ekki hvað olli þessu, hvort það var það ládautt hafíð, heiður himinninn eða brennandi geislar sólarinnar. Það sem á mér hvíldi var svo þungt, líf mitt svo drekkhlaðið tilgangsleysi, að ég hefði ekki hreyft andmælum þótt einhver hefði reynt að kasta mér fyrir borð.

Stund frá sólsetri og sló gullrauðum lit á skýjafláka við sjóndeildarhring. Svo tóku þeir á sig dökkan blæ og urðu eins og kolsvartir reykyrbólstrar. Kvöldstjarnan ljómaði sem snjó-

korn í rökkrinu og uppi á festingunni birtust stjörnumerkin eitt af öðru. Á hafflötinn brá hvítleitum myrkva og hann varð á litinn eins og kalt og geigvænt stál. Skipsdrengrinn kveikti á luktunum; Skipstjórinn fór undir þiljur að leggja sig; Búlberis kom sér fyrir við stýrið; Hundurinn Braghamis reyndi líka að koma sér í ró og hringaði sig við akkerisvinduna.

Ég fann enga ró. Gat hvorki sofið né vakað. Reyndi að spjalla við stýrimanninn en samræðan var jafn dauf og logi sem kulnar í grænum kvistum. Ég reyndi líka að leika við Braghamis, en hann stakk trýninu lengra inn á milli fótanna og ýlfraði lágt eins hann væri leiður og vildi segja: Láttu mig vera, ég vil ekki sjá þig! Ég var líka leiður og lagðist á grúfu á miðju dekki með lófa fyrir augum. Ég vildi hvorki sjá né finna fyrir lífinu. Smám saman rjátlaðist þó aðeins af mér. Það var eins og týrði á skari hið innra. Mér fannst líkaminn aftur í heilu lagi þar sem hann hvíldi á hörðum tréborðunum á þilfarinu.

Ég veit ekki hvað þetta varði lengi, né heldur hvað um hug minn fór, ef það var þá yfirleitt nokkuð. Ég tók skyndilega að skjálfa eins og einhver segull orkaði á taugarnar. Það var því líkt og þegar brimgusur knýja fram vængjasklát fugla. Í þann mund steiptist yfir mig hafalda, purpurarauð. Mér fannst ég synda í blóði. Eins og maður sem sefur í myrkri vaknar um leið og birtir af degi, eins opnuðust augu mín. Eða lokaði ég þeim kannski. Ég man það ekki. Man það eitt að ég lá kyrr. Það fyrsta sem ég hugsaði var að ég væri í maga einhvers stórfiskis sem hefði gleypt allan bátinn. En ég var ekki innan í neinum fiski. Yfir mér var himinninn og sjórinn undir. En hátt og lágt bylgjaðist rauð breiða. Hún ljómaði á öllu, líka byrðingnum á farkosti okkar, eins og einhvers staðar á endimörkum jarðarinnar léki hár hiti við himin sjálfan og varpaði skelfingarbröndum alla leið hingað. Samt sá ég hvorki eld né reyk.

Langt í norðri þykknaði upp og fjólublátt ský vafði lit sínum um stjörnunar og faldi þær undir þykkum feldi sínum. Þar fyrir ofan var bogi á himnum, hvítur og gulur og litirnir runnu sem fljót, gullinrauðir, grænir, dökkir og ljósir. Það var eins og festingin öll væri máluð og skreytt. Þetta bærðist sem tjöld í vindi og fór um loftið líkt og hafalda um fjörusand þar sem hún freyðir og teygir tungur sínar upp undir marbakkann. Þessir loftbornu straumar runnu hratt um himinhvelið, ýmist dökkir, ýmist ljósir, grænir eða roðagullnir eins og gneistandi rafmagn. Sléttur hafflöturinn virtist undrandi og standa á öndinni þar sem hann speglaði allt þetta sjónarspil. Sjálfur var ég enn meiri furðu lostinn. Ég vissi hvorki hvað gera skyldi né hvað halda skyldi. Ég spurði mig hvort þetta væri heimsendir sem ég horfði upp á. Hvíllík endalok, hvíllíkur fögnuður ef jörðin kysi að kafa til dauðs niður í þennan ölduroða.

Ég hrökk við. Djúpt innan í fjólubláa skýinu sá ég risastóran skugga. Tröllslegur líkami og höfuðið gnæfði eins og fjallið helga. Í augunum snerust logandi hringir og þau horfðu þóttafull á veröld sem nú skyldi troðin til bana. Þarna fer hann, sagði ég við sjálfan mig, engillinn af guði sendur, engillinn sem eyðir og bjargar. Sem ég horfði fór hrollur um sálina. Mér fannst ég milli steins og sleggju og hugði að höggið félli eftir augnablik. Þar fara jörðin og jarðar aldin, þar fara hafíð og

<sup>13</sup> Karkavitsas (2021, bls. 190–195).

<sup>14</sup> Politis (e.d., bls. 307–308). Í þjóðsögunni er spurning Gorgónunnar (sem heitir Γοργόνα á grísku) eins og í sögu Karkavitsas nema hvað þjóðsagan hefur greini á undan nafni Alexanders: „Ναύτη, καλεναύτη· ζή ο βασιλιάς ο Αλέξανδρος“ („Sjómaður, góði sjómaður, er Alexander konungur enn á lífi?“). Svárið sem þarf að gefa svo hún grandir ekki skipinu er líka næstum eins. Hjá Karkavitsas er það (með nútímastafsetningu) „Ζη και βασιλεύει και τον κόσμο κυριεύει“ („Lífir og ríkir sem lofðungur heims“) en í þjóðsögunni „Ζή και βασιλεύει και τον κόσμο ειρηνεύει.“

hafsins fley! Úr þessu verða engir söngvar, engar ferðir, engir kossar!

En það féll ekkert högg. Skuggaveran leið yfir hafið á logandi stökki. Því hraðar sem hún nálgast því minni virtist líkaminn og fyrr en varði var þessi hræðilega ófreskja orðin að undurfagurri stúlku sem stóð fyrir framan mig. Á höfði bar hún kórónu alsetta demöntum og hárið, blátt og mikið, féll niður eftir bakinu og ofan í öldur hafsins. Breitt ennið, möndlulaga augun, kóralrauðar varirnar, allt hafði þetta ljóma ódauðleikans og einhverja konunglega tign. Um háls hennar var brynja úr gullnum hreisturlaga plötum, skjöld bar hún í vinstri hönd og makedónískt langspjót í þeirri hægri.

Ég var enn sem þrumu lostinn þegar ég heyrði mælt sætri röddu, mildri og þýðri:

- Sjómaður, góði sjómaður, er Alexander konungur enn á lífi?
- Alexander konungur! hvíslaði ég agndofa. Hvernig gæti hann verið á lífi?

Hún endurtók spurninguna:

- Sjómaður, góði sjómaður, er Alexander konungur enn á lífi?

Ég áttaði mig ekki á hvers konar spurning þetta væri né hvernig ég ætti að svara henni svo ég sagði án þess að hugsa mig um:

- Nú á tímum, tigna mæ, er moldin af leiði hans löngu horfin.

Vei, ó vei! Hvaða hörmungar hafði ég kallað yfir mig. Stúlkan fagra var orðin að skelfilegri forynju. Hún reis tröllvaxin úr hafinu og sjá mátti að hálfur líkaminn var klæddur hreistri. Hárið var lifandi snákar sem risu hvæsandi með eittraðar tennur og langar tungur og blésu ógurlega. Brynjuklæddur barmurinn og meyarandlitið umbreyttust og urðu eins og Einbrjósta<sup>15</sup> sem þjóðsagan segir frá. Nú áttaði ég mig á hver ógn var á ferðum! Þetta var ekki heimsendir og ekki heldur engillinn sem eyðir og bjargar. Þetta var Gorgónan, systir Alexanders mikla, sú sem rændi vatninu úr lind ódauðleikans og eigrar um með afl sem aldrei þverr. Það var hún en ekki hann sem lifði að eilífu í dýrð sem tilheyrði drottarna heimsins og fyrir hana eina breiddi heimskautið út sín norðurljós og lagði purpurarauðan dregil yfir hvelfinguna. Vísast spurði hún ekki um forgengilegan líkama bróður síns heldur hvort menn minntust hans enn. Þegar ég svaraði svona í hugsunarleysi sló hún þungum loðnum hrammi með tryllingi á borðstokkinn og sveiflaði sporðinum svo ládeyðan breyttist í ólgandi sjó.

- Nei, tigna mæ, þetta er ekki satt! ... hrópaði ég og fann hvernig ég kiknaði í hnjúnum.

Hún leit á mig ströng á svip og spurði aftur með titrandi röddu:

- Sjómaður, góði sjómaður, er Alexander konungur enn á lífi?
- Lifir og ríkir, svaraði ég að bragði, lifir og ríkir sem lofðungur heims.

Hún hlustaði á orð mín og það var sem rödd mín væri vatn úr lind ódauðleikans og rynni um æðar hennar. Ófreskjan breyttist aftur í undurfagra mey. Hún lyfti liljuhvítri hönd sinni af

borðstokknum og brosti svo varirnar dreifðu rauðum blómum. Í purpuralitu loftinu hljómaði hergöngulag eins og fylkingar Makedónfumanna sneru aftur frá bökkum fljótanna Ganges og Efrat.

Ég hóf augu mín og sá loftborin fljótin, þau dökku og grænu, roðagullnu og hvítu. Þau runnu inn í himininn og mynduðu risastóra kórónu. Var þetta einhvers konar náttúrufrýrbrigði, eitthvað tengt veðri, eða var þetta svar við spurningu þeirrar ódauðlegu? Hver veit. En geislarnir dofnuðu og hurfu hver af öðrum eins og Gorgónan tæki fegurð þeirra með sér niður í djúpið.

Nú var hvergi boga að sjá og hvergi neina kórónu heldur. Aðeins dreifð ský, daufleg og öskugrá og inni í minni eigin sál voru velktar slitur af purpuralit ættjarðarinnar.

Ég var úti á sjó á báti Sarafis skipstjóra þessa nótt.

## Rit

Apanasopoulos, E., Kokkinaki, E. og Mpista, P. [Αθανασόπουλος, Ε., Κοκκινάκη, Ε. og Μπίστα, Ρ.] (e.d.). *Ιστορία της Νεοελληνικής Λογοτεχνίας Α', Β', Γ' Γυμνασίου*. Aþena: Πατάκη.

Atli Harðarson. (2013). Um rímnakveðskap Krítverja. *Són: Tímarit um óðfræði*, 11, 127–130.

Beaton, R. (1994). *An Introduction to Modern Greek Literature*. Oxford: Clarendon Press.

Karkavitsas, A. [Καρκαβίτσας, Α.] (e.d.-a). *Διηγήματα*. Aþena: Βιβλιοπωλείον της Εστίας.

Karkavitsas, A. [Καρκαβίτσας, Α.] (e.d.-b). *Η Λυγερή*. Aþena: Βιβλιοπωλείον της Εστίας.

Karkavitsas, A. [Καρκαβίτσας, Α.] (e.d.-c). *Ο Ζητιάνος*. Aþena: Βιβλιοπωλείον της Εστίας.

Karkavitsas, A. [Καρκαβίτσας, Α.] (e.d.-d). *Ο Αρχαιολόγος*. Aþena: Βιβλιοπωλείον της Εστίας.

Karkavitsas, A. [Καρκαβίτσας, Α.] (2021). *Λόγια της πλώρης*. Pessaloniki: Μαλλιάρης.

Makriyannis, J. (1966). *The Memories of General Makriyannis 1797–1864* (ensk þýðing H. A. Lidderdale). London: Oxford University Press.

Politis, N. G. [Πολίτης, Ν. Γ.] (e.d.). *Μελέται περί του βίου και της γλώσσης του ελληνικού λαού: Παραδόσεις, Τόμος Α*. Aþena: Ιστορική Έρευνα.

Santas, C. (1976). *Aristotelis Valaoritis*. Boston: Twayne Publishers.

Seferis, G. (1982). *On the Greek Style: Selected Essays on Poetry & Hellenism* (ensk þýðing R. Warner og Th. D. Frangopoulos). Limni, Grikklandi: Denise Harvey.

Solomos, D. [Σολωμός, Δ.] (e.d.). *Απαντα Διονύσιου Σολωμού και η γυναίκα της Ζάκυνθος*. Aþena: Εκδόσεις Άλμωπας.

Þorsteinn Þorsteinsson. (2009). Um grískar nútímabókmenntir. Í Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson (ritstj.), *Grikkland ár og síð: Bók helguð tveggja alda afmæli Sveinbjarnar Egilssonar* (bls. 359–376). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

<sup>15</sup> Hér er vísað í þjóðsögu um tröllslega kóngsdóttur sem hafði eitt brjóst, og hét á grísku Monovyza (Μονοβύζα), fór um með tryllingi miklum og eyddi byggðum. Sagan af henni var skráð af Politis (e.d., bls. 7–8).